

Alþingi
Erindi nr. P 131/708
komudagur 19. 2005

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. janúar 2005.

Vísað er í bréf yðar dagsett þann 14. desember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN) um afnám laga nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands.


BÍSN fagnar því að gert sé ráð fyrir að þeir nemendur sem við gildistöku þessara laga eigi rétt á að ljúka því námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við skólann miðað við núgildandi reglur um námsframvindu. BÍSN vill í því sambandi leggja áherslu á mikilvægi þess að þeir sem stunda nám við frumgreinadeild skólans fái sömu kjör og aðrir nemendur við skólann.

BÍSN þykir miður að ekki sé gert ráð fyrir fulltrúa nemenda innan jafn mikilvægi afli og háskólaráð mun verða. Í örri þróun háskólaumhverfis á Íslandi er miður að nemendur hafa ekki fulltrúa innan háskólaráðs og er sú ákvörðun í raun óskiljanlegt þar sem slíkt telst lýðræðislegt og skólum almennt til framdráttar. Nemendur njóta afurðar skólans og einkennilegt er að þeir hafi ekki rétt á málsvara innan háskólaráðs og rétt til ákvörðunartöku í málefnum skólans. BÍSN leggur stórt spurningarmerki við hvort þetta sé það sem koma skal í einkareknum háskólum framtíðarinnar.

Ljóst er að hinn sameinaði háskóli verður næst stærsti háskólinn á Íslandi. Stúdentar hins nýja háskóla eru það afl sem ekki má gleyma við stefnumótun hins nýja háskóla, því er það algjörlega nauðsynlegt að námsmenn hafi vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri jafnt innan háskólaráðs sem og annars staðar.

Jafnframt er mikilvægt að tryggt verði að þær deildir sem nú eru innan Tækniháskólans fái að njóta sín innan hins nýja sameinaða háskóla, samhliða deildum innan Háskóla Reykjavíkur.

Fyrir hönd BÍSN

A handwritten signature in black ink, reading "Eyrún Jónsdóttir", written over a horizontal line.

Eyrún Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri BÍSN